

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Hafnarfjörður 12. mars 2024
Tilv. 2024-03-04-0287/2.4.1

Efni: Umsögn Fiskistofu vegna skoðunar Umhverfisstofnunar á því hvort grundvöllur sé til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá 1.

Með erindi dagsettu 1. mars leitar Umhverfisstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi skoðun Umhverfisstofnunar á því hvort grundvöllur sé til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá 1. Í erindindinu kemur m.a. eftirfarandi fram: „*Umhverfisstofnun óskar eftir álitum Fiskistofu á ofangreindri breytingu IUCN á flokkun Atlantshafslaxins og hvort hún kalli á einhver viðbrögð af hálfu Fiskistofu.*“

Veiðifélög eða veiðiréttareigendur, þar sem ekki eru veiðifélög, þurfa að setja sér nýtingaráætlun vegna veiði og nýtingar á fersvatnsfiskum, sbr. 17.-19. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Áður en Fiskistofa getur tekið afstöðu til þess hvort staðfesta beri nýtingaráætlun þarf að taka tillit til umsagnar Hafrannsóknastofnunar. Ef mat Hafrannsóknastofnunar er að fyrirhuguð nýting hafi ekki áhrif á viðkomu viðkomandi stofns, þ.e. feli í sér sjálfbæra nýtingu, staðfestir Fiskistofa nýtingaráætlunina. Í umsögnum sínum horfir Hafrannsóknastofnun til stöðu fiskstofna og mun mögulega taka mið af ofnagreindri breytingu IUCN. Ef tilefni er til getur Fiskistofa gripið til þess að banna veiðar ef slíkt er talið nauðsynlegt, til þess að tryggja fiskigengd í nærliggjandi veiðivötn, sbr. 5. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fiskistofa hefur ekki til skoðunar að beita þeirri heimild nú vegna laxveiði í veiðivötnum á Íslandi, þrátt fyrir nefnda breytingu IUCN á flokkun Atlantshafslaxins.

Í erindi Umhverfisstofnunar er einnig óskað eftir álitum Fiskistofa vegna fram kominna umsagna í ofnagreindu máli.

Fiskistofa veitti leyfi vegna Hvammsvirkjunar með skilyrðum, dags. 14. júlí 2022 (sjá viðhengi). Í aðdraganda þess að leyfi var veitt skoðaði Fiskistofa þær upplýsingar sem hún taldi þörf á til þess að komast að niðurstöðu. Í leyfinu koma fram þau atriði sem Fiskistofa horfir til og hefur lagt til grundvallar fyrir leyfisveitingu sinni. Þar koma einnig fram skilyrði um atriði sem þurfa að liggja fyrir áður grundvöllur verður til byggingar Hvammsvirkjunar. Fiskistofa telur því ekki rétt að taka til skoðunar umsagnir sem veittar voru vegna málsmeðferðar Umhverfisstofnunar nú, en bendir á að ósvarað er af hálfu Landsvirkjunar því hvernig brugðist verður við atriðum sem bundin eru skilyrðum í leyfinu.

Ef það eru einhver ný atriði í umsögnum sem Umhverfisstofnun óskar eftir afstöðu Fiskistofu um óskum við eftir að fá þau nánar tilgreind.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs